

Samþykktir fyrir "Kvasir" - samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

1.gr.

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni er félag fullorðinsfræðslumiðstöðva utan höfuðborgarsvæðisins. Heimili þess og varnarþing er á lögheimili formanns.

2. gr.

Markmið samtakanna er:

- Að efla endur- og símenntun á landsbyggðinni.
- Að efla og auka háskólanám á landsbyggðinni.
- Að efla og auka skilning atvinnulífsins á mikilvægi símenntunar sem auðlind og fjárfestingu til framtíðar sem getur bætt afkomu einstaklinga fyrirtækja og samfélagsins í heild.
- Að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá sem bjóða fullorðinsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu á heimaslóð.
- Að vera vettvangur umræðu um fullorðinsfræðslu og símenntun á Íslandi sem og í norrænu og alþjóðlegu samhengi.
- Að efla og stuðla að aukinni samvinnu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.
- Að gæta sameiginlegra hagsmuna símenntunarmiðstöðvanna og kynna starf þeirra.
- Að efla skilning á hlutverki símenntunarmiðstöðva í menntakerfi þjóðarinnar og vinna þeim skilningi stuðning á opinberum vettvangi.

3. gr.

Stofnendur samtakanna eru; Farskóli Norðurlands vestra - miðstöð símenntunar, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Færðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.

Fjárhagslegar skuldbindingar félagsins eru stofnaðilum óviðkomandi.

Aðild að samtökunum eiga símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og aðrar stofnanir sem falla undir skilgreiningu 1.gr.

4. gr.

Stjórn samtakanna skipa þrjú einstaklingar; Formaður, ritari og gjaldkeri. Skulu stjórnarmenn tilnefndir/kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Forstöðumenn símenntunarmiðstöðvanna skiptast á um formennsku, eitt ár í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. (Á stofnfundi skal kjósa þrjú stjórnarmenn en á fyrsta aðalfundi skal kjósa tvo til tveggja ára og einn til eins árs).

5. gr.

Stjórn samtakanna ber að vinna að markmiðum þeirra og kemur fram fyrir þeirra hönd í sameiginlegum hagsmunamálum símenntunarmiðstöðvanna og öðrum þeim verkefnum sem aðal- eða félagsfundir hafa falið stjórninni.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri og fjárhag samtakanna.

Stjórnarfundir skal boða um netföng stjórnarmanna, (sem staðfesta skal með svarpósti), eða á annan tryggilegan hátt

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstakra mála sem varða hann persónulega.

6. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda árlega í maí. Hann skal boða með tryggilegum hætti um netföng aðildarmiðstöðvanna með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga
3. Skipun stjórnar
4. Kosning skoðunarmanna reikninga.
5. Ákvörðun um árgjöld
6. Önnur mál.

Hver símenntunarmiðstöð fer með eitt atkvæði á aðal- og félagsfundum.

Aðalfundur er ályktunarfær ef ályktun er samþykkt samhljóða.

7. gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

8. gr.

Félagsfundir skal halda;

1. Þegar stjórn ákveður.
2. Ef þrjár eða fleiri símenntunarmiðstöðvar óska þess.

Félagsfundur er ályktunarfær ef ályktun er samþykkt samhljóða.

Fundir eru lögmætir ef $\frac{3}{4}$ hlutar félagsmanna eru mættir.

9. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt með samhljóða samþykki aðalfundar.

Samtökum þessum verður slitið með sameiginlegri ákvörðun aðalfundar eða aukaaðalfundar.